



Menningar- og viðskiptaráðuneytið  
Sölvhólgötu 7  
101 Reykjavík  
[mvf@mvf.is](mailto:mvf@mvf.is)

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 18. mars 2024

**Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins og Samtaka menntatæknifyrirtækja um drög að bókmenntastefnu, mál nr. S-62/2024**

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) og aðildarsamtök þess, Samtök menntatæknifyrirtækja (hér eftir „IEI“), hafa tekið til umsagnar drög að bókmenntastefnu, mál nr. S-62/2024, sem birt var í samráðsgátt 8. mars 2024.

SI og IEI fagna þeim áformum sem fram koma í drögum að bókmenntastefnu um nauðsyn þess að tryggja aðgengi að fjölbreyttu og skilvirku efni á mismunandi formi fyrir ólíkan aldur og óháð búsetu. Samkvæmt drögum kemur fram að meginmarkmið bókmenntastefnu eru þrjú:

1. Að stuðlað sé að sköpun á íslensku, útgáfu á íslensku og aðgengi að fjölbreyttu efni á íslensku og treysta með því stöðu íslenskrar tungu í samfélaginu.
2. Að stuðlað verði að auknum og bættum lestri sem víðast í samfélaginu, með sérstakri áherslu á unga lesendur.
3. Að tryggt sé að stuðningur við sköpun og útgáfustarfsemi sé skilvirkur og taki mið af örrí tækniþróun og samfélagsbreytingum.

Til að tryggja stuðning við sköpun og útgáfustarfsemi sem tekur mið af örrí tækniþróun og samfélagsbreytingum vilja samtökin benda á mikilvægi innleiðingar á menntatækni í bókmenntastefnunni. Á Íslandi starfa í dag um fimmtán fjölbreytt menntatæknifyrirtæki sem sérhæfa sig í námsgagnagerð og útgáfu sem snertir bókmenntir og stöðu íslenskrar tungu annars vegar og skilvirkari og nútímalegra form hins vegar.<sup>1</sup> Er framangreindum ábendingum hér með komið á framfæri með fyrirvara um frekari athugasemdir á síðari stigum. Samtökin vonast til að fá tækifæri til að gera grein fyrir framangreindum sjónarmiðum við vinnslu málsins.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka iðnaðarins

Hulda Birna Kjærnested Baldursdóttir  
Verkefnastjóri í mennta- og mannauðsmálum SI

f.h. Samtaka menntatæknifyrirtækja

Íris E. Gísladóttir, formaður

<sup>1</sup> <https://www.si.is/idnadur-og-hugverk/samtok-menntataeknifyrirtaekja/>